



Foreldrafélag Sunnulækjarskóla

Fréttabréf

mars 2013

Gleðilega páska

Frá 5. fundi foreldrafélags Sunnulækjarskóla skólaárið 2012-2013

Félagsgjöld: Stærstur hluti foreldra hefur greitt félagsgjöld foreldrafélags, stjórn lýsir yfir mikilli ánægju með það.

Skólaráð: Samþykkt að Halla Eygló Sveinsdóttir taki sæti sem fulltrúi foreldra í skólaráði. Hún tekur við af Maríu Karen Ólafsdóttur og situr þá í ráðinu ásamt Ólafi Unnarssyni.

Fréttabréfið: Rætt um fréttabréf foreldrafélagsins, það er talið mjög mikilvægt í starfi félagsins. Rætt um hvernig best sé að dreifa því. Undanfarið hefur Anne séð um að skrifa fréttabréfið og setja það upp en nú ætlar Hanna Rut að setja sig inn í starfið og taka við. Rætt um að fá fleiri áhugasama að þessu.

Facebook: Facebooksíðan rædd, mörgum hefur „líkað við“ síðuna og margir sjá auglýsingar þar. Rætt um mikilvægi þess að nota facebook, margir skoða facebook en lesa ekki endilega fréttabréfið. Stjórnin telur mikilvægt að nota fjölbreyttar upplýsingaleiðir.

Lús: Rætt suttlega um lúsavandamál. Foreldrafélagið hvetur foreldra til að taka virkan þátt í útrýmingu hennar, árangur næst ekki nema með samstilltu átaki foreldra!

Gjöf: Foreldrafélagið hefur keypt 200 bingóspjöld og fært skólanum.

Forvarnahópur: Rætt um fréttabréf forvarnahóps Árborgar. Hvetur stjórnin til þess að fréttabréfinu verði dreift víðar til þess að sem flestir sjái. Einnig eru foreldrar hvattir til að fylgjast með fréttum frá forvarnarhópnum. Mikil ánægja er innan stjórnar foreldrafélagsins með störf forvarnarhóps Árborgar en vill sjá meiri dreifingu á fréttabréfi hópsins.

Endurskoðun og uppfærsla á eineltisáætlun Sunnulækjarskóla

Foreldrafélag Sunnulækjarskóla stóð fyrir fyrirlestri með Kolbrúnu Baldursdóttur um einelti þann 11.mars síðastliðinn. Var það gert í kjölfar endurskoðunar á eineltisáætlun Sunnulækjarskóla á netinu í samvinnu við eineltisteymi skólans. Við þökkum öllum þeim foreldrum og starfsmönnum skólans sem mættu á fyrirlesturinn á mánudaginn. Bendum einnig á heimasíðu Kolbrúnar. Þar má finna ýmis konar fróðleik um vinnu gegn einelti. **Heimasíðan hjá Kolbrúnu er: www.kolbrunbaldurs.is**



F.h af 5. fundi foreldrafélagsins.

Samstarf milli skóla: Samstarf á milli foreldrafélaga grunnskóla Sunnulækjarskóla og Vallaskóla rætt. Áhugi er innan stjórnar foreldrafélags Sunnulækjarskóla að auka það samstarf. Lagt er til að það verði á ábyrgð Árborgar að skipuleggja samstarf foreldrafélaga í Árborg. T.d. að hausti verði starf fyrir veturinn skipulagt, foreldraröltið o.fl.

Taflborð: Taflmennska í Sunnulækjarskóla. Rætt um hvað er til í af taflborðum í skólanum en foreldrafélagið vill efla íþróttina innan skólans með því að kaupa fleiri taflborð.

Fulltrúi í fræðslunefnd: Rætt um kosningu fulltrúa í fræðslunefnd Árborgar, núverandi fulltrúi hefur staðið sig mjög vel en stjórn foreldrafélagsins telur að skoða þurfi hvernig fulltrúinn verði skipaður í framtíðinni. Sennilega þarf að breyta lögum foreldrafélaganna og samræma milli félaga.

Aðalfundur: Ákveðið að aðalfundur foreldrafélags Sunnulækjarskóla verði næst haldinn á afmælisdegi forseta Íslands, þann 14. maí kl. 17.

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 17.apríl.